



FUNDARGERÐ

Yfirskrift / efni: 16. fundur stjórnar KLÍ, 2010-2011

Staðsetning: Skrifstofu KLÍ

Hvenær: Fimmtudag, 05.05.2011 kl. 17:30

Þátttakendur: Þórir Ingvarsson (ÞI) formaður
Þórarinn Már Þorbjörnsson (ÞMÞ) varaformaður
Valgeir Guðbjartsson (VG) gjaldkeri
Guðmundur Sigurðsson (GS) ritari
Guðmundur J. Kristófersson (GJK) varamaður
Höskuldur Höskuldsson (HH) varamaður
Ingi Geir Sveinsson (IGS) varamaður

Boðuð forföll: Ómar Kristjánsson (ÓK) fundarritari

Fjarverandi:

Fundarritari: ÞI

Helstu mál: Fundargerð s.f., þing KLÍ og önnur mál.

Dagskrá fundarins:

1. Fundargerð síðasta fundar:

Fundargerð síðasta fundar samþykkt samhljóða með framkomnum breytingum.

2. Þing KLÍ:

Farið var yfir undirbúning fyrir þingið.

Stjórnarkjör: VG gefur ekki kost á sér áfram, en ÓK gefur kost á sér sem og allir varamenn. ÞMÞ tilkynnti að Linda Hrönn Magnúsdóttir muni gefa kost á sér í aðalstjórn. ÞI fór yfir niðurstöðu formannafundar og að aðeins stendur ein tillaga útaf borðinu og verður fjallað um hana á þinginu. VG fór yfir fjárhagsáætlun fyrir 2011 – 2012 og eftir stuttar umræður var hún samþykkt óbreytt.

3. Önnur mál:

Evrópumeistari: Rætt var um hvaða viðurkenningu stjórn ætti að veita Arnari Davíð Jónssyni vegna árangurs hans á Evrópumótinu og minnti stjórnarmenn að Hafþóri og Róbert hafi verið veittur platti. TÓ verður falið að athuga með grip. ÞMÞ taldi einnig að við værum að spara afreksmerki KLÍ of mikið og var því ákveðið að veita þeim einstalingum sem unnið hafa til verðlauna á Evrópu- eða Heimsmeistarmóti afreksmerki KLÍ á þinginu í næstu viku.

Keilari ársins: Enginn áhugi var frá félugunum að skipa í vinnuhóp. ÞI mun biðja Soffíu Guðmundsdóttur að senda það sem hún væri með og það tekið til umfjöllunar hjá stjórn.

Keppnissskírteini: ÞMÞ tjáði fundinum að þau væru enn í vinnslu og yrðu vonandi tilbúin í mánuðinum.

Smáþjóðaleikar: ÞI kynnti bréf sem kom frá ÍSÍ þar sem opnað var fyrir að sækja um að bæta við greinum á Smáþjóðaleikana sem haldnir verða hér á landi 2015. Senda á inn erindi þar að lútandi.

Landsliðsmál: IGS kom með erindi frá landsnefnd varðandi íþróttapjálfa til að meta landsliðhópana. Hann mun senda inn erindi þar að lútandi.

Fleira var ekki rætt á fundinum.

Fundi slitið 18:50 – næsti fundur eftir þing KLÍ.